


DEILISKIPULAG SAMÞYKKT Í BORGARRÁÐI 29.01.2002

Mkv. 1:500




SNIÐING SAMKVÆMT BREYTTU SKIPULAGI.




BREYTT DEILISKIPULAG

Mkv. 1:500

## GREINARGERÐ

### ALMENNT

Sótt er um að setja svalir og neyðarstiga utan á verslunarhúsið, Efstalandi 26.
Ástæða þess er að miðkjarni hússins er opið rými upp allar hæðir. Því þarf að vera möguleiki á neyðarútgöngum báðu megin við stigahúskjarna hússins. Með því að setja svalir á húsið uppfyllir einn neyðarstigi þau skilyrði sem sett eru.

Jafnframt er sótt um að stækka núverandi útbyggingu á 1. hæð austurhliðar hússins um 3,8 m á lengd og 1,6 m á breidd.
Ástæða þess er að Landsíminn óskar eftir að geta komið fyrir GSM sendi fyrir Fossvogshverfi og Kópavog.
Lenging á núverandi útbyggingu fellur vel að heildarmynd hússins.

### GILDANDI SKILMÁLAR

Samþykktir í borgarráði 29.01.2002:

- Leyft er að reisa skrifstofuhæð ofan á 1. hæð.
- Lóð er stækkuð úr 2.560 m2 í 4.200 m2. Endanleg stærð verður skv. mæliblaði.
- Lóðarmörkum er breytt þannig að aðkoma og bílastæði aðliggjandi íbúðarhúsa eru aðskilin frá aðkomu og bílastæðum hússins. Bílastæði á borgarlandi við Bústaðaveg, sem nýtast fáum öðrum, eru færð inn á lóð hússins.
- Kvöð er á lóð um að leikskóli hafi afnotarétt af 6 bílastæðum á vesturhluta lóðar næst leikskóla.
- Bílastæði á lóð verða 81 talsins (stæði fyrir leikskóla frátalin).

### BREYTTIR SKILMÁLAR

- Leyft er að reisa skrifstofuhæð ofan á 1. hæð.
- Lóð er stækkuð úr 2.560 m2 í 4.200 m2. Endanleg stærð verður skv. mæliblaði.
- Lóðarmörkum er breytt þannig að aðkoma og bílastæði aðliggjandi íbúðarhúsa eru aðskilin frá aðkomu og bílastæðum hússins. Bílastæði á borgarlandi við Bústaðaveg, sem nýtast fáum öðrum, eru færð inn á lóð hússins.
- Kvöð er á lóð um að leikskóli hafi afnotarétt af 6 bílastæðum á vesturhluta lóðar næst leikskóla.
- Bílastæði á lóð verða 81 talsins (stæði fyrir leikskóla frátalin).

- Heimilt er að setja svalir á suðurhlið 3. hæðar hússins. Legnd þeirra er 27 m. og breidd 1,6 m. Neyðarstiga verður komið fyrir útfrá svölunum.
- Heimilt er að byggja skyggni yfir aðalinngang hússins við Bústaðaveg.
- Heimilt er að lengja útbyggingu hússins á 1. hæð austurhliðar um allt að 4,0m. á lengd og 1,6 m. á breidd.

### SKÝRINGAR

- Lóðarmörk
- Mörk byggingarreits
- Eldri mörk skipulagssvæðis
- Mörk skipulagssvæðis
- Göngustígar
- Bílastæði
- Breytingar á húsi




YFIRLITSMYND

*Efstaland 26 (Grímsbær) og nágrenni, breyting á deiliskipulagi.*
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 25. febrúar 2002, breytingu á deiliskipulagi varðandi Efstaland 26 og nágrenni.
Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.
Breytingin öðlast þegar gildi hvað varðar lóðina nr. 26 við Efstaland og breytingar tengdar henni. Gildistöku breytingar varðandi leikskólalóð neðan við hana er frestað þar til aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 hefur verið staðfest. Verður auglýsing um gildistöku þess hluta breytingarinnar birt sérstaklega.

BIRT Í STJÓRNARTÍÐINDUM 17.05.2002

Deiliskipulagsbreyting þessi sem grendarkynnt hefur verið skv. 2. mgr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í borgarráði þann 19. nóvember 2002

Borgarsjóður tekur að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Helga Bragadóttir

Auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann 2002.

# DEILISKIPULAGSBREYTING
# EFSTALAND 26, REYKJAVÍK

VERK. NR.
TEIKN. NR.
DAGS. 24.09.2002 MÁL. 1:500
BREYTT.


JÓN GUÐMUNDSSON ARKITEKT Jón Guðmundsson KT. 310551 3259
VINNUSTOFA SUÐURLANDSBRAUT 16 REYKJAVÍK SÍMI 552 5055